

Hættir internetið á morgun, þann 8. júní?



Eigendur elstu tölvutækjanna gætu þurft að huga að því að festa kaup á einhverju nýrra. Mynd/ ap

Sökum skorts á svokölluðum IP tölum, sem eru nauðsynlegar til að gera internettengingu mögulega, mun Google ásamt fleiri internetfyrirtækjum kveikja á nýju kerfi á morgun en það gæti leitt til þess að þeir sem eiga gamlar tölvur nái hreinlega ekki að tengjast netinu.

Hver einasta tölva, módem og snjallsími sem tengist internetinu hefur svokallað Internet Protocol (IP) númer, sem gerir nettengingu mögulega. Þetta númerakerfi var skapað árið 1977 og inniheldur það 32 tölustafi sem skapaði heila 4,3 milljarða mögulegra IP-talnasamsetninga, sem þótti á þeim tíma óþrjótandi lind númera.

Nú eru hinsvegar afar fáar tölur eftir. Undanfarin ár hafa veffyrirtæki unnið að sköpun nýrra númera sem innihalda 128 tölustafi og verður þetta nýja kerfi prófað í fyrsta sinn á morgun, þann 8. júní, þegar Google og fleiri fyrirtæki munu kveikja á nýju númerunum í 24 klukkustundir.

Breytingin mun að öllum líkindum ganga vel fyrir sig, þar sem allar nema elstu tölvur og símar ráði við nýju tölurómsuna. Hins vegar kann það að vera að þeir sem eru með gömul DSL eða kapalmódem muni annað hvort enda í töf eða hreinlega aldrei tengjast netinu.

Þeir sem sitja aftarlega á tæknihestinum þurfa þó ekki að örvænta því í nokkur ár til viðbótar munu internetfyrirtæki ganga á báðum númerunum en þó má búast við því að slíkt tvöfalt álag geti hægt á allri internettengingu, óháð aldri tölva, sem gæti hugsanlega reynt á þolinmæði þeirra tæknivæddari.